



Áætlun leikskólans Uglukletts um móttöku nýrra barna

Endurskoðuð 2023



BORGARBYGGÐ

Þátttökuaðlögun

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldrana. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra og valda oft streitu. Til að auðvelda aðallega börnunum en líka foreldrum og starfsfólki umskiptin höfum við í Uglukletti ákveðið að nýta okkur þátttökuaðlögun. Er þetta aðferð að samskiptum fyrirmynd og byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.

Í þátttökuaðlögun er tiltekinn dagur upphafsdagur og þann dag mæta jafnvel nokkrir foreldrar og börn, sem eiga að byrja á sömu deild, saman í leikskólann. **Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga, fyrsta daginn frá 9.00 – 12.00 en næstu tvo daga frá 9.00 – 15.00 eða eftir þeirra vistunartíma.** Foreldrar eru inn á deildinni með börnunum allan tímann. Foreldrarnir sinna barninu, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggur daginn, deilir út verkefnum og er til staðar. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldrana og eru svo allan daginn eftir vistunartíma. Einstaka börn hafa foreldrar sína með sér í fjóra daga ef foreldrar og starfsfólk meta aðstæður þannig.

Þátttökuaðlögun byggir meðal annars á því sjónarmiði að foreldrar smiti eigin öryggi, forvitni og spennu fyrir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. **Öruggir foreldrar = örugg börn.** Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft venskapur.

Ef barnið er að koma af öðrum leikskóla er ekki víst að það þurfi þetta langan tíma með foreldrinu, það er metið í samráði við foreldra og deildarstjóra í hverju tilviki fyrir sig.